

11. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 29.nóvember 2018, kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði og oddviti er á Skype-fundi í Djúpavík og ritar fundargerð. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf. var í símasambandi varðandi fjárhagsáætlun.

Mætt eru Björn Torfason Melum, Bjarnheiður J. Fossdal Melum, Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2019 - 2022. Fyrri umræða.
2. Samþykkt um stjórn Árneshrepps fyrri umræða.
3. Fundargerðir Byggðasamlags Vestfj. um málefni fatlaðs fólks, lögð fram til kynningar.
4. Stígamót, fjarbeiðni fyrir árið 2019.
5. Umboð til handa starfsmönnum KPMG ehf til upplýsingaöflunar, lagt fram til undirritunar.
6. Fundargerð Náttúruverndarnefndar Árneshrepps lögð fram til kynningar.
7. Bréf til þingmanna og samgöngunefndar vegna samgöngumála, lagt fram til kynningar. Bréf frá VesturVerki til hreppsnefndar varðandi vegamál, lagt fram til kynningar.
8. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, lögð fram til kynningar.

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2019-2022 fyrri umræða. Halldóra Pálsdóttir fór yfir áætlunina, breytingar verða gerðar á liðunum handbæru fé og eigin fé. Hreppsnefnd hyggst setja inn fjárhæð til endurbóta á höfninni árið 2019 og telur að einnig þurfi að setja inn áframhaldandi útgjöld vegna lögfræðikosnaðar. Þar með lauk fyrri umræðu um fjárhagsáætlun og henni vísað til seinni umræðu.

2. Samþykkt um stjórn Árneshrepps. Fyrri umræðu lokið án athugasemda og vísað til seinni umræðu.

3. Fundargerðir Byggðasaml. Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks lögð fram til kynningar.

4. Stígamót, fjarbeiðni fyrir árið 2019. Ákveðið var að styrkja þau um kr. 50.000,-

5. Umboð til handa starfsmönnum KPMG ehf til upplýsingaöflunar var undirritað.

6. Fundargerð Náttúruverndarnefnd Árneshrepps lögð fram til kynningar.

7. Bréf til þingmanna og samgöngunefndar vegna samgöngumála, lagt fram til kynningar, ásamt bréfi

185.

til hreppsnefndar frá VesturVerki varðandi vegamál.

8. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:45